



Sveitarfélagið Árborg
Stella Rúnarsdóttir
Austurvegi 2
800 Selfossi

15. júní 2026
202605-0046/Á.G.

Efni: Umsögn – Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hesthúsasvæði (Hestamannasvæði Sleipnir) - 0568/2026 Sveitarfélagið Árborg.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagið Árborgar er barst 13. maí þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hesthúsasvæði í sveitarfélaginu.

Í greinargerð kemur fram að þann 21. apríl 2026 var tillaga deiliskipulags fyrir hesthúsasvæði ÍP2 á Selfossi felld úr gildi með úrskurði ÚUA.

Fyrirhugað deiliskipulag felur í sér stækkun núverandi hesthúsasvæðis til suðausturs, þar sem gert er ráð fyrir nýjum hesthúsalóðum, reiðstígum og viðrunarhólfum. Hesthúsabyggðin, reiðhöllin og keppnisvellirnir hafa verið á svæðinu um áratugaskeið og fjallar deiliskipulagið því aðallega um fjölgun hesthúsalóða og skilmála, sem taka til bæði núverandi svæðis og nýrra lóða

Náttúruverndarstofnun hefur kynnt sér breytinguna á tillögunni og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur
Þórhildur María Kristinsdóttir
sérfræðingur

